

Magnús Þór Jónsson

Reykjavík

2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Spyrill: Lára Martin

DVCAM 167, 168

© Krumma films ehf.

DV 167

Þarna á árum áður þegar ég var ungur og friður þá lenti ég einu sinni í því að leika Ástu í Dal í svona skopleikriti sem við þrír félagar settum upp fyrir árshátíð menntaskólans. Og var kombinasjón af Útilegumönnunum og Enarus Montanus. Og við gerðum þetta aðallega til að komast inn baksviðs með áfengi á árshátíðinni sko. Og ég lék Ástu í Dal og söng eitthvað. Það var sett á mig hárkolla og ég var settur í kjól og svona bungur hérna og svo lauk ég mínu hlutverki af og svo klæddi ég mig úr og fór í mín eðlilegu föt og tók af mér alla málningu og fór út í sal. Hitti þar ágætan kunningja minn, Gvend spíra, sem sat þar við borð og pláss við borðið svo ég settist hjá honum og svo fórum við eitthvað að spjalla. Og svo lítur hann fram svona og segir við mig: Veistu hvaða stelpa þetta var sem var þarna að leika? Djöfull var hún sæt. Og það var sko fyrsti og síðasti sigur minn á sviðinu sem að ég virkilega stend ennþá og hrósa mér af sko. Ég hefði getað drepist þar og þá. Hefði verið full sæll lífdaga sko. En ég sagði þetta vegna þess að um sama leyti þá var maður náttúrulega orðinn svona eðlilega ölkær miðað við svona umhverfi og uppeldi og allt það, en blankur náttúrulega í samræmi og þegar ég byrja að stunda Borgina þá var náttúrulega áfengi mjög dýrt og erfitt að feta sig þá slóð án þess að beita einhverjum trixum. Og svo lærði ég á það að það var hópur á Borginni sem að hélt sig mjög saman og ég fékk sem sagt þær upplýsingar að þetta væru hommarnir sko. Og ég prófaði að blanda mér í hóp hommana og ég prófaði að blanda mér í hóp hommanna, og það var auðveldasti hópurinn að blanda sér í sko því að þeir voru svona, ég segi ekki við aldur en þeir voru allir svona komnir af léttasta skeiði. Og þegar að það kom svona sautján ára unglingur inn í hópinn og vildi sitja og vildi hlusta og vildi vera með, þá var hann afskaplega velkominn og þeir sáu um að kaupa ofan í hann áfengið. Þeir gerðu engar kröfur nema að ég væri sætur og fallegur eins og bara blóm í potti og þetta voru þessir ágætu menn. Þarna man ég eftir Elíasi, Sturlu, Ásgeiri Benedikts og svo nokkrum sem að hurfu gjörsamlega af sjónarsviðinu einhvern veginn. Ég var allaf að furða mig á því að þeir bara gufuðu upp sko. En þetta kompaní var þetta strákarnir á Borginni sem að þá voru reyndar engir strákar en samt alltaf svolitlir strákar. Og mér þótti þetta kompaní líka mjög skemmtilegt sko þeir voru, ég hafði mikið dálæti á Elíasi Mar sem

ég þekkti nú lítið sem rithöfund en ég hafði heyrt af honum á heimili mínu og hann var rithöfundur og var reyndar langt síðan hann hafði gefist upp á því útaf Sóleyjarsögu sem frægt er orðið. En hann var svo mikill séntilmaður og bara yndislegur í allri framkomu og þarna er ég, ef ég hitti á þá, þá fór ég í þennan hóp sko og einhvern tímann í öðru samhengi þá var verið að ræða um veru mína í þessum hópi og ég var svona ógætinn í orðum og sagði eitthvað sem var allavega útleggjanlegt þannig að ég væri að yfirlýsa mig homma og þá var einhver sem tók sér nafnið í munn. Hommi. Ertu hommi? Eitthvað svoleiðis. Og þá allt í einu heyri ég einhvern svona ægipunga í þessu orði og mér geðjaðist engan veginn að því og vera kominn með þessa nafnbót sjálfur fannst mér alveg skelfilegt því ég heyrði það svona úr annars manns munni. Svoleiðis að ég beilaði útúr þessu þannig að ég sagði: Já ég er homicidal og við köllum það homma. En það breytti svo engu um að þegar ég hitti aftur liðið sko. Og þeir gerðu engar kröfur. Þeir áttuðu sig strax á því að ég var ekki game sko á margt sko. Samvistin eða vínið var það sem ég sóttist eftir og þeim fannst það bara fallegt blóm í kringum sig. Ég fór einu sinni heim með Elíasi reyndar og það var einn koss, langur og allt í lagi sko, en stoppaði abruptly þegar einhver húsmóðir á svæðinu kom inn í kjallarann sem hann bjó í á Langholtsveginum og bara sagði stopp! Hingað og ekki lengra. Rak mig út, ég veit ekki hvað hún gerði við Elías sko. En þá fann ég það sko að hann var undir hælnum á einhverjum sko og mér fannst það nú dálítið dapurlegt en hann missti nú ekkert respect í mínum augum við það sko.

[...]

En Elías vann samt sem prófarkalesari á Þjóðviljanum og ég kynntist honum síðan betur, bróðir minn vann á Þjóðviljanum og ég hitti alltaf Elías og mér fannst hann alltaf jafn yndislegur. Kom mér á óvart að hann skyldi vera svona skelfdur í privat sko, því hann virtist vera svo galvaskur í þessum hópi sko. En ég man ekki eftir því að þessi hópur sætti neinu illu umtali eða neitt sko. Það var bara allavega í mínum kreðs, var aðeins í þessu tilviki og þá var það aðeins útfyrir hann þegar homminn var nefndur með öðrum tón sem að eitthvað kom neikvætt fram gagnvart þessu. Annars bara sjálfsagður hlutur sko og þessir menn voru mjög þægilegir að eiga við. Gerandi

ekki aðrar kröfur heldur en að ég væri bara sætur og skemmtilegur sem var afskaplega notalegt.

LM: Þetta loðaði dálítið við þig?

Ég sko, maður þurfti gjarnan að vera að sanna sig í öðrum hópum. Vera bright og vera eitthvað en þarna nægði alveg að vera sá sem ég var án þess að það væri neinn banki á bak við mig. Upplýsingabanki, sögubanki eða neitt og ég gat bara verið eins og ég vildi vera sko. Og þetta var svona fyrsta dæmið en ég lenti svo síðar í á ævinni að umgangast hommakreðs sem að mér leið virkilega vel. Af því að ákveðið feminínitet var til staðar sko, lax á allar reglur sko og tíminn var ekki, hálfgerður Búddismi sem ríkti hjá þessum hommum sko og ekkert stress, enginn eftirrekstur. Allt gerðist bara eins og það gerðist. En þessi vinátta, kunningsskapur við þennan hóp skilaði sér svo lengra því að ég hitti bæði Elías og Ásgeir meira sko. Sturla var alltaf svona á vegi manns. Ég umgekkst hann minna en þá. Hann var svona líka átti það til að vera dálítið röff er hann var drukkinn og það var ekki þeirra háttur. Og röffheitin voru þá að sætir strákar, hann vildi ríða þeim sko, og hann var ala sér einhverjar vonir sem að hinir höfðu útilokað. Ég væri ekki þannig séð þeirra maður nema bara á yfirborðinu. En þeim nægði yfirborðið. Honum nægði ekki bara yfirborðið. En Ásgeir var, svo var ég kominn með kvenmann sem ég giftist síðan og við vorum að flytja og vorum í vandræðum hvernig við áttum að koma dótinu milli húsa í Reykjavík. Höfðum engan bíl. Lentum svo á fyllerii kvöldið fyrir flutningana og við vorum á bar og þar hittum við Ásgeir og Ásgeir var góðvinur minn. Og það var setið og drukkið og svo kom það til tals að við værum að flytja og vantaði transport og hitt og þetta. Og hann átti þennan forláta jeppa. Þetta er maður svona sem maður getur séð fyrir sér með hvíta hanska. Hann var svolítið eins og ákveðinn hrollvekjuleikari, mjög dannaður. En hann sagði: Ég get alveg hjálpað ykkur og svo morguninn eftir þá vöknudum við með timburmenn og svona og trúðum lítið á að loforðin myndu nú standa og töldum okkur ennþá í sömu vandræðunum. En presís klukkan það sem hann hafði sagt þá mætir hann með jeppann og síðan var hann okkur til aðstoðar allan tímann sem þurfti til að

koma dótinu frá Nýja Garði og yfir á einhvern annan stað. Ég man ekki hvort það var Bergþórugatan strax.

Það kom aðallega seinna sko. Hommaorðið, einkennilegt nokk þá, þetta með hommann sem kom úr annars manns munni, það festist ekki neitt. Það var bara passing by og homicidal virðist hafa dugað. Það virtist ekki nokkurt hommaorð fara af mér þó ég væri tíðum í þessum hópum og bekkjarfélagar mínir í menntaskólanum sem voru þarna á fylleríi á Borginni, þeir sáu mig í þessum kreðs og það setti engan hommastimpil á mig. Svoleiðis að ég held að menn hafi gert sér grein fyrir því að þessi hópur var en umgengni þeirra við aðra sko, það var ekki talin neitt smitandi. Svoleiðis að á þeim tíma sá ég ekki alvöruna, hina þjóðfélagslegu útlegðardóma sem að hvíldu á þessum mönnum. Heimili mitt bauð heldur ekki uppá það. Það var ekki neitt. Það var aldrei neitt orðfall nema í hálfgerðu gríni um gay persónur og faðir minn sagði mér reyndar að þegar Kiddi Sódó var yngri þá kom hann einhvern tímann til hans, það hefur bara verið mjög snemma, og spurði hvað þyrfti að gera til að verða barnakennari. Og pabbi vissi það að Kiddi var nú ekki menntaðasti maður í heimi og var svona ögn retarded og hann sagði: Ja, það er bara að auglýsa í blöðunum. Auglýsa barnakennslu. Af því að hann hafði sjálfur rekið einkaskóla. Einkabarnaskóla. Og hann var reyndar kennaramenntaður. Hann vissi að Kiddi var ekki kennaramenntaður og vissi það að þetta myndi bara, þetta myndi þjóna því að myndi gera það sem hann gat og ekki geta neitt og neyðast til að setta sig við það. Þannig til að mynda hann hafði heilmikil samskipti við Kidda. Hann keypti af honum frímerki og eitthvað svona og ég var seinna í hóp sem ætlaði að gera at í Kidda, fór í búðina til hans. Og það var venjan að stela þá einhverju og öskra Kiddi Sódó og hlaupa út. Þegar við erum þarna og erum að skoða eitthvað þá segir hann: Hvernig hefur hann pabbi þinn það? segir hann við mig og þá var ég algerlega afvopnaður. Ég gat ekki verið neitt að nastyast út í mann sem hafði tengsl við föður minn því ég vildi ómögulega að það kæmist til skila. Svo það hafði áhrif á hópinn þannig að það varð ekkert úr neinum illskuaðgerðum gegn Kidda Sódó í það skiptið.

LM: Og hver var Kiddi Sódó?

Kiddi Sódó var með fornbókaverslun við herna Frakkastíginn. Var afskaplega þekkt persóna í hverfinu og í gamladaga þá, ég upplifði það nú aldrei sjálfur, komu bara hópar af krökkum hvort sem var á gangi eða í búðina og kölluðu: Kiddi Sódó, Kiddi Sódó og hann gerði ekki neitt til að byrja með en svo bara sprakk eitthvað og hreytti útúr sér: Sódómískur, sódómískur, sódómískur. Og ég veit ekki, hvað það merkti að hann sprakk svona en hann var mjög sérkennilegur.

LM: Var hann hommi?

Já hann var hommi. Sko hann var örugglega hommi þótt enginn væri til frásagnar að hann hefði beint leitað á þá eða verið með þeim eða neitt. Sögurnar voru af því tagi að hann seldi sko klámblöð fyrstur manna og svo voru menn að fá að fletta og þá blandaði hann sér oft inni og ef það voru svona góðar rassmyndir þá sagði hann: Þetta er nú fallett. Þetta er náttúrulega þjóðsögukennt en þetta var meðal annars rökstuðningurinn en hann var örugglega gay og barnaskapur hans var til dæmis þessi að sko hvernig hann gæti nálgast krúttin, að gerast barnakennari, en hann var með kvikmyndasýningar í lítilli kompu undir búðinni sinni. Hann fékk bíómyndir og klámmyndir og klámblöð frá farmönnum. Hann var bakkaður upp af einhverri, hann er af einhverju bergi brotinn þannig að hann á einhverri ætt sem að er, hefur fé, og þannig var honum haldið svolítið uppi. Hjálpað með fjármagn og til að vera með þessa sjoppu sem þó allavega var hans áhugamál því það kom mikið af strákum þarna inn. Og það var hans líf náttúrulega. Annars hefði hann ekkert lifað neinu lífi sko. Þannig að hann hafði aðstöðu til þess að hann hafði kvikmyndavél og svo auglýsti hann að það yrðu sýndar barnamyndir. Og einhverjir komu að skoða sko. Ég hef aldrei heyrt að hann hafi sko þorað að leggja til neinnar atlögu, hann var svo hræddur og dómurinn Kiddi Sódó sko varð þess valdandi að hann þorði varla að gera nokkurn skapaðan hlut. Hefur ábyggilega dreymt mikið og fallega þegar hann hefur fengið sætan hóp af ungum drengjum til að horfa á bíó.

Meðan ég var ennþá í sambandi við konu nokkra þá kynntist ég vini hennar sem hét Böðvar, og heitir. Og við urðum miklir mátar. Svo skiljum við, þessi frú, ég hleyp frá henni, gefst upp á henni og það var nú trauma út af fyrir sig sko en þá héldum við áfram að vera vinir þó að hún legði þau álög á að enginn sem að þekkti hana og hún vildi halda vinsamlegu sambandi við mætti umgangast mig. Og Böddi hélst nú lengi í hennar náð þrátt fyrir að hún vissi að hann umgengist mig sko. En svo fór hann úr náð náttúrulega fyrir rest sko. En Böðvar þessi var gay og er gay og fyrst kynntist ég bara honum sem slíkum og hann var að sýna mér blöð og mér jú jú interessant. Ég hafði ekki séð mikið af svona mjög explicit klámblöðum sko en hann átti slík blöð og var að sýna mér og mér þóttu nú óneitanlega sætir, tveir strákar að gera það og varð að viðurkenna það að þetta væri virkilega fagurt. Svo leið tíminn og ég lenti í einhverjum kvennamálum sem að öll voru agalega pathetic og erfið og eftir einhverjar brigðir og einhver svik þá var ég orðinn alveg fed up af kvenfólkinu. Það hafði ekkert sýnt nema að það væri óviðráðanlegt. Það var engin leið að skilja þetta, það var ekkert hægt að gera við það. Og um svipað leyti kemur þetta upp að Böddi plús tveir aðrir gay drengir eru með plön um að fara til Tælands. Það var svona frekar árla í Tæferðum Íslendinga ja bara nokkurn veginn brautryðjendastarf. Þá voru bara einhverjir flugmenn sem þekktu Patajadlem og það er skipulegt ferðalag til Tælands og ég, það var fundur hjá Kristjáni Sigurðssyni sem að var einn af forsprökkunum í rauða turninum hans og þar voru svona eins og upplýsingabæklingar um Tæland og þá sá maður hvernig Tælenskir drengir litu út og ég hafði nú ekki hugsað mér neitt alternatíf á Íslandi í staðinn fyrir kvenfólkið en þegar ég sá myndir af Tædrengjum þá sá ég að þarna væri nú kannski eitthvað object sem að ég myndi geta hrifist af virkilega. Og ekki sko gerði það verra að þeir höfðu allir útstæð eyru svo þetta var bara mitt fólk. Og ég hugsaði með mér þegar leið að ferðinni hvort að þarna væri nú ekki bara upplagt að replasera kvenfólkið með litlum sætum strákum sko og þá meina ég það í aldurslegri merkingu sko. Og losna þannig við sko öll völd kvenfólksins að geta sinnt þessum sexualgeira bara með mínu eigin kyni. Heiðra þitt eigið kyn stendur einhvers staðar. Og hérna svo förum við af stað í ferðalag og bara fyrsta kvöldið þá var farið út á kjötmarkaðinn og fundnar út allar leiðir til þess að, fyrst virtist þetta bara vera kvenfólk en svo bara kom í ljós að það lágu einhverjar götur og það voru bara

eintómar hommabúllur sko. Og maður fór inn á slíka búllu og það bara leið ekki nokkur tími þá var kominn einhver sætur drengur sem að var að tala við mann. Og þessi ferð var afskaplega skemmtileg og hún sannaði hvorki neitt né afsannaði en það var kannski merkilegt að ég varð nú ekki skotinn í neinum strák fyrr en svona þegar á leið. Þá sá ég einn sem að alveg gersamlega ómótstæðilegur. Ég sá hann bæði dansa í drag sko og svo líka hálf-dragaðann, svona málaðan en í karlmannafötum. Stuttbuxum og hvítri skyrtu og svona heiftarlega sætan. En það grimma í þessu öllu saman var það að sætleiki hans, að hann minnti svolítið á þessa fyrrverandi, ópolandi eiginkonu eða sambýliskonu og það var svona svolítið kaldhæðni guðanna sko en allavega, ég bara náði honum í mitt herbergi og hafði hann svona restina af ferðinni. Og það var bara að hittast aftur sko. Svo fór ég heim og bréfaskriftirnar, ég á stóru kassana fulla því hann var duglegri að skrifa heldur en ég og það voru nú ekki miklar fjárkröfur sem hann gerði, þá, og hann var aðallega bara: My husband Megas, sko og voða notalegur sko. Hann var mjög notalegur í fjarlægðinni og ég var það húkkaður á sko þessa hugmynd að vera þarna með þennan dreng sko að hann dugði. En kynferðisleg afnot af honum, ég fann strax að þau voru afskaplega treg af minni hálfu sko, ég var einhvern veginn ekki alveg, en ég hélt að það myndi nú lagast. Svo fer ég næstu ferð til Tælands og þá hitti ég hann og svo bauð ég honum heim með mér og var kominn hérna á göturnar í Reykjavík með lítinn Tædreng og afskaplega sætan og ég veit ekki. Það kom nú ekkert sko, ástandið var nú sennilega skárri þá heldur en núna varðandi aldurdæmi sko því að það var enginn sem réðst á mig sko og sagði: Hvað er hann gamall þessi drengur?

DV 168

Já ég var að tala um hann Mú. Hann hét Mú því að þeir trúa á illa anda í Tælandi og mjög öfluga illa anda. Og þeir stela ungabörnum. Og til að blekkja, þeir virðast ekki vera mjög djúpvitir þessir andar því til þess að forða barninu sínu frá því að verða gripinn af illum öndum þá er það bara kallað einhverju ljótu nafni og Mú minn, sko Mú þýðir asni, nei svín, svín, svona grislingur. Og grísir þóttu ekkert virðulegt fyrirbæri og andarnir blektust af því að láta barnið heita svín eða grís, þá gat hann

ekki, gat hann ekki verið mikið heldur og þá sniðgengu þeir hann. Þá var hann ekki tekinn. En þetta var bara landlægt. Allir hétu einhverjum ljótum gælunöfnum. Svo hefur það verið bara landlægt að það varð engum neitt til hnjóðs að heita andstyggilegu gælunafni og útlendingarnir skildu náttúrulega ekki inntakið og hann notaði alltaf bara Mú nafnið, ég man ekki einu sinni hvað hann hét fullu nafni, það er of erfitt til að bera það fram. En þegar hann kemur svo með mér, þetta var '87 þegar ég fer þarna út til Tælands fyrstu ferðina með þessum fjórum, og þá var eiginlega samkomulag inni mér að ég fylgdi þeim á hommabarána en ég varð alltaf annað veifið að fá einhverja útrás sko virkilega, sko ég fann að það var einhver tregðulögmál sem var þarna í gangi. Svoleiðis að ég fór á þarna stelpustaðina því það voru margir stelpustaðir, fullt af stelpustöðum og minn ágæti félagi sko hann sýndi það loyaltit að sko vegna þess að innst inni vissi hann að ég var ekki mikið gay sko. En þar sem ég fór með þeim á strákastaðina þá ályktaði hann að hann skyldi fylgja mér á stelpustaði þegar ég fór á stelpustaði og mikið sem hann lagði á sig. Miklar pyntir sem hann lagði á sig til að vera loyál. Ég bara, bara ótrúlega mikil fórn sko að gera það sem hann gerði. En það kom að að ég fann að, Mú litla og maður var virkilega skotinn í honum. Og svo fer ég árið eftir og kem svo með hann heim, hann Mú. Og þá gekk maður um götur bæjarins og mér leið kannski eins og Elíasi og Ásgeiri að ganga um með ofboðslega fallega plöntu við hliðina á sér og allir horfðu á þessa plöntu sko og svo fóru þeir kannski að pæla eftir á: Hvað var þetta kompaní að vilja? En það var aldrei neitt, ég var sko í samfélagi, ég var mikið með gayfólki og reyndar eftir að ég kom frá Tælandi með minninguna um Mú í kollinum þá fannst mér líka litlir, sætir íslenskir strákar vera mjög sætir. Og um það leyti var Maríus að dúkka upp sko og hann var algjör, sko lessurnar þær slógu um hann skjaldborg, að ljótir hommar næðu ekki í hann. Það fannst okkur voðalega sárt sko, hann var varinn af lessunum þegar maður vildi gera, að eldgamlir kallar, hommar væru að táldraga hann. Það var náttúrulega gamlir væringjar milli homma og lessa, sko. Svo hélt ég konsert á Lindargötunni sko, '87, það var þarna um það leyti að loftmyndin mín var að koma út. Það var heilmikið efni á Loftmyndinni og þar var Fílahirðirinn frá Súrin sem var nú spes handa Mú og fleiri lög. Og þegar ég er kominn á þann stað sem ég er að syngja á þá er allt audienceið sem ég sé bara kvenfólk, bara lessur sko. Vinir mínir höfðu komið seinna

aðeins og voru bara úti í horni, nokkrir þeirra voru reyndar búnir að éta sveppi þannig að þeir tóku svo vel við og skemmtu sér svo konunglega í þessu svepparugli að ég, þeir virkuðu á móti þessum grimmu augum sem að lessurnar settu á mig þannig að þær skynjuðu eitthvað sem var ekki þeim að skapi það er að segja ungdómsást sko hrifningu af einhverju svona tabula rasa, óskrifuðum blöðum og hrukkulausum andlitum. Þegar ég var stráklingur og teiknaði sjálfsmyndir af mér þá setti ég á mig allar þær hrukkur sem að ég gat komið fyrir á mér og bauga undir augun og allt mögulegt. Svo þegar ég var kominn með baugana sjálfur og hrukkurnar þá fannst mér óskrifaða blaðið vera skemmtilegra. En þessi umgengni mín við Samtökin eða part af Samtökunum eða Bödda, Kristján og Veturliða það hafði þessi áhrif að augun breyttust öll. Ég gat séð alveg fegurðina sem ég hafði ekki séð almennilega áður. Ég veit ekki hvort hægt er að kalla þetta áhrifagirni en maður fékk bara útvíkkun. Ég var helst að horfa sem minnst á kvenfólkið. Það hafði reynst mér svo skeinuhætt og mér fannst ennþá eins og strákarnir, ég skildi þá betur. Þrátt fyrir allt þá voru þeir af mínu eigin kyni og þess vegna einhver tengsl sko, skiljanleiki, ég meina, konur voru óskiljanlegar. Og þess vegna var ég með augun úti alveg. Þegar ég fór svona hringi um landið að spila og þá var ég alltaf að kíkja á eitthvað sætt í salnum og það voru þeim mun betri tónleikar sem var einhver sætleiki kannski mjög framarlega enda var það beggja kynja sætleiki. Ég sko var, tók hitt með ef það var nógu ungt til þess að vera ekki orðið gersamlega óþolandi. En þetta eru nú sögur sem ég má ekki segja í dag. En allavega þá var farið aftur til Tæ sko bara árið eftir. Þá fórum við Öddi Karls. Og það var svo yndislegt að verða vitni að endurfæðingu, sko renaissance að eiga sér stað fyrir framan augun á manni. Við höfðum farið til Hollands við Öddi ásamt Veturliða og Böðvari og nokkrum látnum eyðnimönnum á leðursýningu í Rotterdam. Og það varð mér nú að falli í Myndlistaskólanum því ég var rekinn úr skóla vegna þess að ég tók mér of mikið frí. Við vorum í Amster á hommahóteli, spes ætlað hommum. Í herberginu sem ég var í voru speglar algjörlega. Allt herbergið var speglar. Og það var sárgrætilegast að vera ekki með neinn partner í þessu herbergi. En við vorum á næturvöktum til að byrja með og fórum á búllurnar þar sem strákarnir voru. Og ég fór með hópnum og við Kristján og Örn við fórum bara af áhuga en ég gat ekki varist, ég sagði alltaf þegar við komum á einhverja staði og voru, strákar og

var spurt eftir verðinu að þá kom alltaf að maður fer ekki að kaupa sér fyrir morðfjár þriðja klassa varning þegar maður getur fengið fyrsta flokks og bara rúmlega það sko í Tælandi.

[...]

En þarna var farið að hnigna mínum drengjaástum því ég var farinn að finna að það kviknaði aldrei á sko aðalperunni í sambandi við unga pilt og smátt og smátt áttaði ég mig á því að ég hefði fallið á prófinu. Það var ekki neitt í mér sem var hægt að nýta sem spíru að ekta gaydómi og ég var mislukkaður.

Já það tengist eitthvað sko tengsla, það vantaði einhver tengsl og ég þurfti að endurskapa þau. Ég þurfti að búa þau til og þá kannski varð svona hreinskilnustu og fallegustu textarnir voru beint til stráka. Nánar tekið Mú sko. Sérstaklega þegar hann var í fjarlægð. Fílahirðirinn er búinn til um vorið, um sumarið eftir að ég kem úr fyrstu ferðinni og þá var hann mér í fersku minni, alveg svona sextán ára gamall og yfirmáttúrulega fallegur þannig að það var auðvelt að búa til Fílahirðinn. Önnur lög á þeirri plötu voru dálítið örg. Og þarna þau voru meira inspireruð af Maríusi. Maríus inspireraði þetta hornlag þarna: Þarna er einn svaka sætur, það var ekki ástarkveðja en það var um Maríus sko þó hann hafi aldrei fengið að vita það sjálfur. Hann væri kannski til í að syngja það sjálfur einhvern tímann.

Já, já, já, nei. En þarna voru sko, þarna var hann Einar æ bíddu af hvaða ætt? Það var haldið mikið fallleg minningarathöfn um hann í Ásmundarsal. En ég hrærðist voðalega mikið í þessum kreðs, að vísu voru mínir aðal kunningjar Kristján og Veturliði og Böðvar og þeir skáru sig svolítið út. Þeir voru ekki, þeir voru svona bara idealhommar, þeir voru ekki alvarlega haldnir af leðurfýsn og heldur ekki af dragfýsn og Böðvari leiddist nú svona extremitet en hann var svo yndislega kyrfilega fallega gay að hann þurfti ekkert að bæta utan á sig eða engar slíkar tinktúrur.

Óttar Guðmundsson læknir hann fékk samning við Almenna bókafélagið að skrifa bók um kynlíf, kynlífsbók þar sem hlutirnir væru skýrðir og þar sem væri hægt að fletta upp í og fá upplýsingar um það sem að fólk vildi vita og þar með náttúrulega um allar, átti að heita, um allar tegundir af kynlífi, en einn kafli var helgaður öfuguggunum og hann bað mig um að lesa yfir handrit bókarinnar, sömuleiðis bað hann Helga Kristbjarnarson sáluga og núverandi landlækni, Sigurð Guðmundsson að lesa yfir handritið og vissi náttúrulega að fagmennirnir myndu krítisera faglegar hliðar á bókinni og ég vissi ekki almennilega hvers vegna hann var að biðja mig að lesa þetta yfir því svona fagbók og áttu ekki að vera neinir listrænir fletir á henni. En allavega þegar hæfilegur tími var liðinn frá að við fengum handritið þá gerði hann ráð fyrir að við værum búnir að lesa og þá býður hann í kvöldmat og svo var reifuð bókin eftirá. Í millitíðinni hafði ég rennt í gegnum hana og ekki haft þekkingu til að kommentera á neitt nema öfuguggakaflann. Mér fannst hann klingja ekki. Mér fannst hann bara, virkilega vera eitthvað óbragð af honum en ég gat ekki sett puttann á það hvað það var, bara fann að hann var vitlaus. Og fer upp í Efstasund þar sem Böddi var að vinna í upptökunni og ég bið hann um að líta yfir þennan kafla og bið hann um að segja mér hvað það er svo ég átti mig nægilega vel á því hvar klikkið er sko. Og hann tekur við handritinu í einhverri svona pásu þegar unglingarnir voru mjög stilltir og lítur á fyrstu setningarnar og svo bara fleygir hann þessu frá sér. Ég vil ekki sjá þetta, ég nenni ekkert að lesa svona dellu, það er ekkert í þessu ég vil bara ekkert koma nálægt þessu. Og þá særði ég hann í nafni okkar vináttu að ég var þarna fulltrúi frænda míns og ég vildi ekki að hann gerði sig að fifli eða yrði sér til skammar og bara bað hann um að, sko að ég fyndi að hann væri vitlaus kaflinn en ég gæti ekki sko sett puttann á það, gæti ekki hjálpað honum að laga hann. Og þá að lokum féllst hann á þetta kíkja alveg á kaflann og útskýra fyrir mér og hann las kaflann yfir og síðan bara flóðlýsti hann mig um það hvað þessi kafli var óviljandi vondur. Óttar var held ég allur af vilja gerður. Hann var bara svo litaður af umhverfi og uppruna og öllu mögulegu að hann gat ekki gert kaflann þannig að hann væri bærilegur. En hann var patronising, það var talað niður til, það má eiginlega segja að inntakið í þessum kafla var: Þið verðið að vera góð við þessa aumingja, þeir geta ekki gert að hvernig þeir eru. En allavega ábending Bödda varð til þess að ég áttaði mig á svo til öllum atriðum í klikkinu í

Þessum kafla. Síðan kemur þetta kvöldverðarboð og bróðir minn gisti hjá mér, þetta var að sumarlagi og bróðir minn gisti hjá mér og þegar hann hafði ekkert annað að gera þá fylgdi hann mér oftast nær hvert sem ég fór. En áður en ég held áfram þá var það áður sem það gerðist að hann var að vandræðast yfir grimmd kvenfólks. Hann var á milli kvenna og ef talað var um einhverjar ávirðingar mannkynsins, einhverja bresti mannkynsins þá hnýtti hann alltaf aftan í: Svona eru þær allar. Og ég var orðinn leiður því þessir brestir voru nú gjarnan þúra karlabrestir sko og ég sagði við hann einhvern tímann þegar hann kom með svona fullyrðingu: Er ekki bara best að fá sér lítinn sætan strák? Og það fraus allt andrúmsloftið í nokkrar sekúndur kringum okkur og svo sagði annar hvor okkar eitthvað sem kom þessu ekkert við og þannig hélt það áfram þar til frostið losnaði og þá datt mér í hug, þessi setning bara flaug inn í hausinn á mér: Litlir sætir strákar fara ekki á túr. Og síðan út frá þessu tók ég þessi argjument hans og notaði þau og hnýtti saman lagið Litlir sætir strákar. En hann var sem sagt mjög óargur. Hann var mjög anti-argur. En hann kemur með mér á þennan kvöldverðarfund. Kvöldverðar, einhver lúxusmatur sem að Erna eða Óttar höfðu útbúið svo er sest inni stofu og menn drógu upp sín handrit að bókinni og Óttar kom sér fyrir með penna. Og svo kom kaflinn hver af öðrum og lækarnir, Helgi og Sigurður bentu honum á eitthvað, komu með greindarlegar athugasemdir við textann og læknisvísindin og voru með allt á hreinu þar. Svo kemur að hommakafланum og þá segja þeir bara pass sko. Það er engu við þetta að bæta, það þarf ekkert að leiðrétta neitt í þessu. En þá stoppaði ég. Nei, jú það er nú ýmislegt við þetta að athuga. Og síðan gat ég án þess að vera neitt að citea í Bödda komið með alveg bent á hvar klikkið lá í þessum kafla og hann var ónýtur sem slíkur. Það þurfti algerlega að breyta tóni og hlutirnir sem hann var að segja frá voru kannski ekki svo slæmir en tónninn í honum var afleitur. Og þegar ég kominn eitthvað áleiðis í þessari krítík á kaflann þá bara upphefjast ólguraddir sko, og það er ekki nóg með að Helgi sem hefur lesið kaflann og Sigurður sem er lesinn líka, þeir voru algjörlega uppá kant við allt sem að ég hafði að segja til þess að hallmæla kaflanum og jafnvel bróðir minn sem hafði ekki lesið kaflann, hann tók sig til og réðst harkalega á minn málflutning gagnvart þessum kafla sko. Og ég furða mig á hvað, ég hélt að þetta væru nú ekki alvarlegir hlutir sem ég var að, ég var ekkert að brjóta Óttar niður eða þjóðfélagið eða neitt með mínum athugasemdum. Þetta var bara svona

ákveðið bara humanitet sem ég var að biðja um að yrði sett inn í kaflann, einhver humanismi. Og ég þurfti að rífast við þessa ágætu menn og menntuðu og þeir höfðu, Sigurður hafði verið í Bandaríkjunum og vissi allt um þegar hreyfingin fór í gang sko og hann sagði mér tíðindi sem að hann sagði mér tíðindi sem að ég hafði haldið að væru bara þjóðsögur sko og kjaftarugl og hann sagðist bara vera sjónarvottur af því sko. En allt um það þá hlustaði nú frændi minn góði meira á mig en þá í því tilviki. Þannig að kaflinn tók nú þeim stakkaskiptum að hann varð, ja ég veit nú ekki hversu fullkominn hann varð, en allavega, það fór úr honum þessi versti tónn allavega. En ég hafði á hann líka, það hafði verið gefin út í Bandaríkjunum kynlífsbók og einu upplýsingar um homma í þessari bók var það að á slysavarðstofu í einhverri borg í Bandaríkjunum hefði mátt búa til járnvöruverslun úr öllu því sem var hirt úr afturendum homma sem að komu á slysavarðstofuna og höfðu fest eitthvað uppi í sér. Og sú bók var orðin að almennu hlátursefni sko. Var hlegin í hel. Hafði gilt á sínum tíma kannski en svo bara breyttust tímarnir og þá var hún orðin brandari. Og ég sagði: Ekki vilt þú að bókin þín verði brandari eftir fimm til tíu ár. Nei það vildi hann ekki þannig að hann þáði allar þessar athugasemdir.

Ég man mjög skemmtilegt atvik frá því ég var krakki. Það var samsveitungur föður míns, var orðinn drykkjusjúklingur í Reykjavík og þeir urðu það nokkrir sem fluttu frá Snæfellsnesi á mölina. Þeir urðu svona daglaunamenn og drykkjumenn þannig að pabbi var með ofboðslega fóbíu gagnvart höfninni og hélt að allir sem færu að vinna á höfninni yrðu ræflar og drykkjumenn. Þessi samsveitungur hans nældi sér í pening með að betla frímerki og selja svo öðrum og svo var hann að fá að slá garða í Reykjavík og fékk þá laun að hirða heyið og seldi það svo einhverjum bændum innan borgarmarkanna. En hann kemur einhvern tímann heim og er ansi drukkinn. Og er hlýlega drukkinn og venjulega drukkinn og var þannig ruglaður að hann átti nú að vita hvaða börn faðir minn átti sko en hann sér mig og segir: Hvað heitir þessi litla sæta stelpa þarna? Og ég man að mér þótti voða gaman að heyra mig bara sko kynvíslaðann, ég fékk alveg tröllatrú á áfengi við þetta. Að áfengi væri svo öflugt að það breytti kyni manna og ég fann ekki fyrir neinni einustu móðgun sem að margir piltar á mínu reki hefðu fundið sko að vera kallaðir stelpa. En ég var reyndar líka

uppnefndur Magga Þóra af ákveðnum stelpuhópi og ég gat ekki annað en tekið því vel og það var ekki nokkur vegur sko. Þær meintu með þessu háðung en það virkaði bara ekki svona á mig. Ég hef átt einhverja ídeal kynleysisveröld sko eða alkynja veröld.

Ég veit ekki hvernig atvik voru en um það leyti sem að Elías var fenginn til að gera litla heftið af frásögninni af Þórði organista og það er komið út í 160 eintökum þar um bil, að mamma lenti á einhverju þingi eða fundi hjá rithöfundum og ég veit ekki hvernig ég fékk upplýsingarnar en sagan segir að hún hafi sagt Elíasi er hann rétti henni bókina og gaf henni: Þetta læt ég strákana mína ekki sjá. Þá held ég að hún hafi vitað efni bókarinnar og myndin utan á var eftir Alfreð Flóka og sýndi að mínum dómi frekar asnalegt typpi, það er eins og rófa en hinsvegar þegar heim var komið þá var engin alvara á bak við þetta að láta strákana ekki sjá þetta því þetta var strax komið bara á glámbekk. Það gat hver sem er nálgast þetta hefti sko. Og ég var ekki búinn að heyra af þessari meintu sögn þegar, meintu replikku mömmu við Elías þegar, en þarna að minnsta kosti var komin einhver bók sem hún hafði komið með og hún var svona þunn og viðráðanleg og mynd utan á af einhverju beru og eftir Alfreð Flóka. Ég hafði mikla aðdáun á Alfreð. Þannig að ég náttúrulega las bara bókina og þegar hann var að lýsa unaði sínum við að sjá einhver ungmenni koma bara orðalaust í heimsókn til sín og orðalaust klæða sig úr öllum fötunum og orðalaust fleygja sér á magann á rúmið hans og unaðinn sem því fylgdi þá fannst mér þetta voða fallegt. Bara manni fannst hún of stutt bókin og lítill texti. En hafi hún sagt þetta við Elías þá hefur það nú bara verið í gríni. Ég meina hún var ekki gerð til að hneyksla neinn þessi bók en það var auðvitað vitað mál að einhverjir myndu hneykslast sko. Og hún var kannski bara að reyna að staðfesta það en ég heyrði aldrei, en í rauninni var aldrei til einhver hópur sem var vondur og ég var aldrei varaður við einhverjum pervertum sem væru að bjóða mér sælgæti og vildu bjóða mér inn í hús til sín. En móðursystir mín hins vegar, hún var alveg haldin slíkum fordómum alveg rosalega hrædd.

Sko þegar ég hugsa hvernig hlutirnir voru heima þá held ég að það hafi ekki þurft neina baráttu gagnvart mínum foreldrum sko. Þegar ég var með Mú á landinu þá voru báðir foreldrar mínir á lífi og þeir voru báðir jafn hrifnir af því að ég skyldi vera með

þennan dreng í mínum fórum og þau voru ekki það naív að þau áttuðu sig ekki á því að mundi vera eitthvað meira samband heldur en bara það að hann eldaði ofan í mig sko og þau voru bara mjög glöð, afskaplega glöð og hann var voða hoflegur við þau þegar hann hitti þau og heimsótti mömmu og pabba og allir voða glaðir sko. Svo ég held að skiptingin í, svona kyngreiningin hafi ekki verið mjög sko, ekkert ofboðslega djúpræð og ég held að þeir hafi nú verið vinir, Aðalsteinn Sigmundsson sem að kynfræddi drengina sína í bekknum við lítinn fögnuð. Þeir voru vinir pabbi og hann og ég er ekki viss um það en mér finnst ekki ósennilegt að hann hafi verið gay hann Aðalsteinn. Og þeir voru miklir vinir og gay fólk var bara gay. Og faðir minn kannski bara skilningslaus svona mikill idiot að hann sá ekkert athugavert við þetta. Eins og þegar að hann var að segja mér frá Kidda. Hann vissi að Kiddi hafði einhverjar væntingar til karlpjóðarinnar, drengjapjóðarinnar sem að ekki vildu nú rætast fyrir hann því hann var ekki nógu sniðugur og það var bara hans mál.